

Árið 2020 var fimmta heila rekstrarár Hnefaleikasambands Íslands (HNÍ).

Fjöldi skráðra iðkenda hjá aðildarfélögum árið 2020 var 2114, þar af 545 konur og 1569 karlar. Iðkendum innan vébanda HNÍ hefur verið að fjölga ár frá ári og var t.d. rúmlega 40% aukning í iðkendafjölda frá 2019 til 2020.

2020 var mjög erfitt ár fyrir öll íþróttafélög og samfélagið í heild sinni með tilkomu COVID-19 faraldursins. Vegna faraldursins var nauðsynlegt að fresta ársþingi HNÍ til október 2020. Ljóst var fyrir þing að mikil breyting yrði á stjórn þetta árið, Ásdís Rósa sem hafði sinnt fomennsku gaf ekki kost á sér aftur, einnig gáfu Áslaug Guðmundsdóttir og Árni Stefán ekki kost á sér. Við þökkum þeim kærlega fyrir frábær störf síðustu ár.

Almar Ögmundsson tók við sem formaður af Ásdísi. Jafet Örn og Baldur Vilmundarson komu einnig nýjir inn í stjórn.

Breytingar urðu á skrifstofu HNÍ árið 2020 en Steinunn Inga lét af störfum í árslok 2020 og tók Viktoria Berg við hennar stöðu í ársbyrjun 2021. Steinunni eru þökkuð vel unnin störf og Viktoria boðin velkomin til sambandsins.

AIBA þingið var haldið rafrænt í desember 2020 og ljóst var fyrir þingið að miklar breytingar myndu eiga sér stað þetta árið. IOC (International Olympic Committee) hafið gert verulegar athugasemdir við rekstur AIBA, þar á meðal vegna skorts á ferlum tengt stjórnun. Þar mátti helst nefna hvernig val á framkvæmdastjórum var og hvernig forseti AIBA gat valið einstaklinga í aga- og siðanefnd AIBA. Helsta áhyggjuefni var að IOC hefði hóttað að hnefaleikar yrðu ekki lengur partur af ólympíuleikunum ef umbætur í stjórnun ættu sér ekki stað.

Í lok þings var ljóst að Umar Kremlev yrði næsti forseti AIBA en hann sat áður í framkvæmdastjórn með fyrri forseta AIBA og hafði IOC gert alvarlega athugasemdir við það.

Við höldum áfram að fylgjast með framgangi mála, og vonum það besta fyrir hönd hnefaleika á alþjóða grundvelli.

Mótahald var lítið sem ekkert á árinu 2020, en eitt diploma mót var haldið í janúar 2020 og eitt klúbbmót í febrúar, þar sem Hnefaleikafélag Kópavogs bauð Bretum til þátttöku. Bæði mótin gengu mjög vel og er frábært fyrir hnefaleika hér á landi að fá til sín erlenda aðila í keppnir og byggja þannig upp frekari tengslanet.

Á norðurlandaráðsfundi árið 2019 var ákveðið að Ísland héldi Norðurlandameistaramótið árið 2020. Sökum Covid-19 var nauðsynlegt að fresta mótinu fram í mars 2021 og síðar fram í mars 2022 sökum aðstæðna í þjóðfélaginu.

Hnefaleikafólk ársins var heiðrað, ásamt afreksfólki allra sambanda ÍSÍ, við hátíðlega athöfn í Hörpunni í lok desember. Þau Kara Guðmundsdóttir og Emin Kadri Eminsson voru valin úr hópi iðkenda hjá HNÍlog var þetta þriðja árið í röð sem Emin hlýtur þann heiður.

Stefnt var að því að senda Emin út til að keppa á Evrópumóti ungmenna í Svartfjallalandi í nóvember sl., þar sem hans góði árangur á fyrri mótum tryggði honum þátttökurétt þar. Allt var klárt fyrir ferðina, Emin v nýkominn heim úr æfingabúðum frá Svíþjóð og var því vel undirbúinn til

að keppa fyrir Íslands hönd úti. Því miður á miðnætti fyrir brottför greinist Emin jákvæður fyrir Covid og var því hætt við ferðina á síðustu stundu.

Þrátt fyrir undarlegt fyrsta tímabil sem formaður, þá hefur þetta verið mikil reynsla fyrir mig og er ég spenntur fyrir næsta starfsári með þeim áskorunum sem því fylgir.